

**Tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að óska eftir svörum frá fagráðum um afgreiðslutíma tillagna og fyrirspurna**

Á 17. fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem fram fór þann 4. maí 2015 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir setja fram þá tillögu að stjórnkerfis- og lýðræðisráð óski eftir skriflegum svörum frá öllum fagráðum borgarinnar um hversu langur tími líður frá því að a)tillaga er sett fram í fagráði og þar til hún er afgreidd, b) fyrirspurn er sett fram í fagráði og þar til að svar liggur fyrir. Ásamt því að fá sundurliðun á hverri og einni fyrirspurn og tillögu þá er óskað eftir upplýsingum um skemmsta tíma, lengsta tíma, meðaltíma á hverju sviði fyrir sig. Tímabilið sem óskað er upplýsinga um er annarsvegar frá 16.06.2014 til dagsins í dag og hins vegar 16.06.2013-15.06.2014.

Frestað.